

Fréttabréf



10. ÁRGANGUR // 2. TÖLUBLAÐ // MARS 2012



Aðalfundur FIT
Skoðanakönnun
Vorverkin í garðinum
Unnið á breiðum gundvelli
Viðtal við Tryggva Arnarson, varaformann FIT



Út í bláinn

„Út í bláinn“ er ferðahópur FIT og Fagfélagsins og eru félagsmenn, ásamt fjölskyldum þeirra, hvattir til að nýta sér ferðirnar sem eru þátttakendum að kostnaðarlausu, einungis þarf að koma með góða skapið og ævintýraþrána. Oftast er farið í létta gönguferðir þar sem fræðst er um það sem fyrir augu ber og slegið á léttu strengi.

Miðað er við að ferðir verði síðasta sunnudag hvers mánaðar fram til maí. Síðasta vorferðin er oft veglegri en hin. Fylgist með á heimasíðum félaganna eða fáðið upplýsingar á þjónustuskrifstofunni í síma 535 6000.

Afslættir til félagsmanna

Á heimasíðu FIT er hnappur sem vísar á afsláttarkjör sem félagsmönnum FIT bjóðast. Nú eru nærri 50 fyrirtæki skráð þar sem veita félagsmönnum afslátt gegn framvísun á félagsskírteini. Flestir afslættirnir eru á bilinu 5% til 15%. Við vekjum sérstaka athygli á að inni á orlofshúsavefnum undir upplýsingar er hægt að sækja um sérstakan afslátt á eldsneyti hjá Olís. Félagsmenn FIT eru hvattir til að beina viðskiptum sínum til fyrirtækja sem bjóða afsláttarkjör.

Fréttabréf FIT
2. tbl. 10. ág. mars 2012

Félag iðn- og tæknigreina
Borgartúni 30 - Sími 535 6000 - www.fit.is
Ábyrgðarmaður: Hilmar Harðarson
Prentun: Stafræna prentsmiðjan ehf.



Samiðnar-golfmótið

Hið árlega golfmót Samiðnar og aðildarfélaga verður haldið á Golfvelliðnum við Hellu sunnudaginn 10. júní. Skráning er í síma 5356000 eða í tölvupósti helga@samidn.is og þarf að gefa upp forgjöf og stéttarfélag. FIT hvetur sína menn til þátttöku og ítrekar að mótið er jafnframt innanfélagsmót.

Athugað verður með sætaferðir er nær dregur.



Orlofsúthlutanir

Nú er lokið við sumarúthlutanir á orlofsíbúðum 2012. Alls bárust 323 umsóknir og þar af fengu 233 úthlutað. Ljóst er því að færri fengu en vildu. Það sem ekki gengur út verður svo sett á orlofsvefinn 22. mars, en þá eiga allir sem fengu úthlutun að hafa greitt.

Ekki virðist vera rífandi stemning fyrir íbúðinni á Spáni. Fjórir sóttu um og fengu allir úthlutun en hugsanlegt er að þetta verði síðasta sumarið í bili sem boðið verður uppá íbúð á Spáni. Allavega verður nýtingin að batna til að hægt sé að réttlæta framhald.

Opnað var fyrir umsóknir ársins 2013 í húsið á Florída þann 1. mars s.l. og má segja að samtundis hafi hafist áráð á orlofsvefinn. Þegar á fyrsta klukkutímanum fór sem svarar til tveggja þriðju af ársleigu og ljóst að vinsældir hússins hafa aldrei verið meiri.



Staðfesting á faglegum og félagslegum styrk

Atvinnuleysi í landinu mældist 7,2% í janúarmánuði og hafði minnkað úr 8,5% í janúarmánuði 2011. Í atvinnugreinum þar sem okkar félagsmenn starfa helst hefur ástandið því miður ekki batnað á sama hátt og þær tölur gefa til kynna. Þótt það sé of snemmt að fullyrða nokkuð bendir samt ýmislegt til að það muni rofa til með hækkandi sól.

Fjöldmargir atvinnulausir félagar úr okkar röðum sóttu Atvinnumessu, sem haldin var í annað skipti nú í byrjun mánaðarins með þátttöku FIT og fleiri stéttarfélaga. Þar voru kynnt um eitt þúsund ný tækifæri í störfum og starfsþjálfun á höfuðborgarsvæðinu. Atvinnumesssa var liður í áttakinu Vinnandi vegur á vegum Vinnumálastofnunar sem ætlinin er að skapi 1.500 ný störf fyrir byrjun sumars.

Rætt hefur verið um að samdráttur í atvinnulífínu undanfarin ár hafi neikvæð áhrif á vinnuumhverfi og starfsánægju. Umræðan hefur fram að þessu fyrst og fremst verið byggð á getgátum og tilfinningum. Það var meðal annars þess vegna sem ÍÐAN ákvað að ráðast í umfangsmikla skoðanakönnun og kanna hug iðnaðarmanna til ýmissa þátta í starfi sínu.

Könnunin fór fram í nóvember og desember og nú liggja fyrir niðurstöður sem byggðar eru á svörum frá meira en 2.100 iðnaðarmönnum sem luku sveinsprófi á árunum 1980-2009. Tveir þriðju hlutar þessa hóps er starfandi við sína faggrein í dag.

Þegar niðurstöður þessarar könnunar eru skoðaðar kemur í ljós að áhyggjur þeirra svartsýnustu eru ekki á rökum reistar. Starfsánægja er almenn og mikill faglegur metnaður er ríkjandi meðal iðnaðarmanna.

Um 90% segjast bæði vera stolt og ánægð með það starf sem þau gegna. Um tveir af hverjum þremur hafa lokið viðbótarnámi eftir sveinspróf og um átta af hverjum tíu hafa mikinn áhuga á að kynna sér nýjungar í faggreininni.

Langflestir eru ánægðir með þá möguleika sem þeim bjóðast til að þróast í starfi og flestir segjast búa við góða möguleika til starfsþróunar á sínum vinnustað.

Þrír af hverjum fjórum segjast mæla með því við ungt fólk að það hefji nám í iðngreininni sem þeir hafa lokið sveinsprófi í.

Iðnarmenn framtíðarinnar voru í sviðsljósinu á Íslandsmeistaramóti iðn- og verkgreina sem var haldið um síðustu helgi. Íslandsmeistaramótið hefur fest sig í sessi og hefur aldrei verið glæsilegra en nú. Um 170 ungir iðnaðarmenn sýndu faglega færni sína og kunnáttu í tuttugu og fjórum iðn- og verkgreinum.

Þátttakendurnir voru allir undir 21 árs aldri og annað hvort nýútskrifaðir eða langt komnir í námi sínu í iðn- og verkgreinaskólum landsins.

Keppendur voru skólum sínum og iðnmenntun í landinu til sóma og góð fyrirmynd fyrir þá um það bil 2.000 grunnskólanemendur sem fylgdust með keppninni en hún er fyrst og fremst haldin til að vekja athygli á þeim tækifærum sem bjóðast til náms og starfs í iðngreinum.

Þessi atriði sem ég hef nefnt hér að ofan sýna okkur það að þótt ástandið í atvinnumálum hafi verið betra standa iðn- og tæknigreinar á sterkum grunni, faglega og félagslega.

Hilmar Hardarson, formaður FIT.

Vorverkin í garðinum

Nú þegar sól hækkar á lofti fer marga að klæja í sína grænu fingur og langar út í garð og „gera eitthvað“. Það er ekki svo að verkefnin vanti, frekar spurning um forgangsroðun.

Ef fólk er alveg að missa sig í grænni óþreyju er alveg upplagt að skella sér í næstu garðplöntusölu eða blómabúð og kaupa sér fræ af hinu og þessu sem þarf að forrækta inni. Í þessum verslunum er frábært fagfólk sem veitir öll þau ráð sem að gagni koma við sáningu og ræktun og úrvalið maður – það er hreint ótrúlegt, bara ekki missa ykkur í tegundum, prófið bara fáar tegundir í einu því það getur verið heljar vinna að halda utan um svona lagað og maður lendi í einhverju sem vex manni yfir höfuð, bókstaflega. Svo þarf að hugsa út í að



Heimir Björn Janusarson

ef maður er með mikið af salati og þannig dóti að uppskeran verði ekki öll á sama tíma, reyna eins og hægt er að dreifa yfir lengri ræktunartíma.

Mér sjálfum hefur alltaf fundist það ætti að vera hið fyrsta vorverk að fjarlægja skotturtur og blys frá áramótum úr garðinum og kippa gamla jólatrénu með í Sorpu, en hafið hugfast að leifar af skoteldum eru flokkaðar sem spilliefni á soppustöðvum. Þeir sem vilja og geta brytja jólatréð í smátt og nota það sem stoðefni í moltugerðinni í sumar.

Á þessum árstíma er upplagt að klippa öll tré, runna og rósir í garðinum, því maður sér svo vel uppbygginguna á trjánum svona lauflausum. Limgerðin skulu klippið í stíft A-form alveg í spíss efst og reyna að halda limgerðinu sem grennstu (eins og okkur sjálfum) í breiðum limgerðum kemst engin sól inni limgerðið, það drepast allar greinar þar og það verður „tómt“ að innan. Þegar svo er komið getur reynst nauðsynlegt

að endurnýja það alveg frá rótum það er, saga það alveg niður, skilja bara eftir eins og 10-20 cm langa stofna, síðan þarf að klippa aftur um mitt sumar og aldrei skal leyfa limgerði sem er að vaxa upp að hækka sig meira en 30 cm á ári. Reyndar er æskilegt að klippa öll limgerði á sumrin það minnkar hættu á snjóbroti og er bara miklu flottara.

Ef fella á stór tré er vorið besti tíminn til þess, en það krefst öflugra tækja og verkþekkingar (og hugrekks), er því tilvalið að húa í einhverja garðyrkjumenn í verkið og viðkomandi garðyrkjumaður getur þá rennt yfir annan gróður í leiðinni. Þeir garðyrkjumeistarar sem ég þekki eru allir ótæmandi brunnar þekkingar og eru alltaf til í að veita góð ráð um umhirðu og framkvæmdir í garðinum.

Það virðist samt vera svo að aðalgróðurinn í garðinum fær sjaldan þá athygli og umönnun sem honum ber, það er blessað grasið. Stundum er bara tuðað yfir helv... mosa og reynt að tæta hann upp með vélum og svo kemur hann bara aftur! Mosi kemur helst í lóðir ef grasið hefur það skítt, mosi er þannig bara einkenni, ekki orsök. Þegar gróðursvörður í grasi þéttist af ágangi eða bara af sigi pressast loft úr jarðveginum og hann súrnar, eins sígur regnvatn hægar niður í jarðveginn. Allt verður þetta til þess að jarðvegurinn súrnar, grasið hopar, verður gisið og mosinn tekur yfir. Ef það eru stór tré eða hús sem kasta skugga á grasið getur það valdið því að grasið hopar og mosinn finnur sitt kjörlendi.

En hvað er þá til ráða? Sumir setja djöfuldóm af kalki og sjá, mosinn hverfur, en bara tímabundið því ástæðurnar eru enn til staðar. Ef jarðvegur er orðinn þéttur og loftlaus er alveg tilvalið að fara út í garð með stungugaffal, stinga honum c.a. 10-15 sm ofan í grassvörðinn, taka svo þéttingsfast í handfangið til sín þannig að maður sjái að landið lyftist aðeins og stinga svo aftur c.a. feti frammar. Endurtaka leikinn og þannig er hægt að gata alla lóðina. Þetta þarf ekkert að klárast á einum degi, bara taka þann tíma sem maður vill í þetta og hafa kerfi á þessu, byrja á einum stað og halda svo áfram og ef fólk er í stuði að fara tvær umferðir, fyrst kannski norður suður yfir alla lóðina og svo aftur austur vestur. Með þessu er búið að lofta vel um svörðinn og mosinn hverfur og þið fáið harðsperrur á skrýtna staði! Síðan skal slá grasið reglulega allt sumarið og passa að hleypa því helst aldrei hærra en 13-15 cm og slá það í 5 cm hæð.

Heimir Björn Janusarson



Myndir teknar á aðalfundi 2011

Stjórnarkjör FIT

Það er hlutverk uppstillingarnefndar samkvæmt lögum félagsins, að tryggja framboð til stjórnar og gera tillögur um aðra fulltrúa sem kosið er um á aðalfundi félagsins. Í síðasta fréttabréfi FIT mátti sjá tillögur nefndarinnar og samkvæmt lögum félagsins rann frestur til að skila inn öðrum framboðum til stjórnar út að kvöldi 19. febrúar. Ekki komu fram önnur framboð og eru því frambjóðendur uppstillingarnefndar til stjórnar sjálfkjörnir. Samkvæmt því

verður helmingur stjórnar skipaður þannig nætu tvö árin: Varaformaður, Tryggvi F. Arnarson, gjaldkeri, Ármann Ægir Magnússon, meðstjórnandi, Einar Þór Gíslason, meðstjórnandi, Sveinn Jónsson, meðstjórnandi, Andrés H. Hreinsson, meðstjórnandi, Helgi Pálsson, varamaður, Helgi Ólafsson, varamaður, Logi Halldórsson, varamaður, Rúnar Bogason

Kjörinu verður lýst formlega á aðalfundi félagsins laugardaginn 24. mars.

Aðalfundur Félags iðn- og tæknigreina

verður haldinn í Iðnaðarmannasalnum Skipholti 70
laugardaginn 24. mars 2012 kl. 11:00

Dagskrá:

1. Skýrsla félagsstjórnar um starf félagsins á liðnu starfsári.
2. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til umræðu og afgreiðslu.
3. Ákvarðanir teknar um ávöxtun sjóða félagsins.
4. Kjöri stjórnar, trúnaðarráðs og samninganefndar, kjörstjórnar, skoðunarmanna reikninga og uppstillinganefndar lýst.
5. Kosning endurskoðenda
6. Tillögur um fulltrúa á þing Alþýðusambands Íslands 2012
7. Tillögur um fulltrúa á ársfundi lífeyrissjóða sem FIT er aðili að
8. Önnur mál.

Veitingar í boði félagsins.

Stjórnin

Félagið veitir ferðastyrk til þeirra félagsmanna sem búa í meira en 40 km fjarlægð frá fundarstað.

Hvaða hug bera iðnaðarmenn til starfs síns?

Um 90% ánægð og stolt af starfi sínu

Umfangsmikil skoðanakönnun á því hvaða hug iðnaðarmenn bera til ýmissa þátta í starfi sínu var gerð í nóvember og desember á síðasta ári. Rannsóknafyrirtækið Maskína vann könnunina fyrir Iðuna fræðslusetur og eigendur Iðunnar.

Í úrtakinu voru 3.061 karlar og konur sem útskrifuðust sem sveiar á árunum 1980-2009. 2.108 svör bárust frá um 1800 körlum og um 300 konum.

Spurt var hvort svarendur væru enn að störfum við faggrein sína og reyndist það eiga við um 67,7% svarenda. Talsverður munur kom fram milli kynja og einnig iðngreina hvað þetta varðar. 55% kvenna voru við störf í sinni grein en 69,8% karla. Mest var brottfallið í hárið, þar sem 58,2% voru við störf í greininni, en minnst í málm- og véltækni þar sem 73,6% störfuðu í greininni.

Þegar spurt var hvort fólk væri, þegar á heildina er lítið, ánægð eða óánægð í núverandi starfi sínu sögðust 86,8% vera ánægð í starfi en einungis 3% sögðust óánægð. Ánægðastir allra voru þeir sem starfa í hárið.

Niðurstöðurnar sýna að iðnaðarmenn hafa mikinn áhuga á að kynna sér nýjungar í sinni faggrein. Alls sögðust 77,8% hafa áhuga á að kynna sér nýjungar en 9,6% sögðust hafa lítinn áhuga á slíku. Áhuginn mældist yfir 70% í öllum faggreinum; mestur þó í málm- og véltækni og byggingariðnaði en minnstur í prentiðnaði. Einnig kom fram munur milli kynja og voru karlar mun áhugasamari; 79,2% þeirra sóttust eftir að kynna sér nýjungar en 69,7% kvenna.

Þá var spurt hversu ánægðir iðnaðarmenn væru með möguleika sína á að þróast í starfi sem fagmenn.

62,8% svarenda sögðust ánægðir með möguleikana en 12% óánægðir. Mest var ánægjan í hárið en síst í prentiðnaði og byggingaiðnaði.

52% sögðust ánægð með framboð á símenntun í sinni faggrein og 49,6% voru ánægðir með möguleika sína á að sækja símenntun. 16% sögðust óánægð með framboðið og 18,5% sögðust óánægð með möguleikana á að sækja símenntun. Ánægjan

var minnst og óánægjan mest í matvælagreinum.

Spurt var hvort starfslýsing væri til um viðkomandi starf og reyndist svo vera hjá 45,9% svarenda en ekki í 54,1% tilvika. Starfslýsingar voru algengastar í bílgreinum, þar sem þær voru til hjá 56,5% svarenda en fátíðastar í byggingaiðnaði, þar sem þær voru til um starf 39,2% svarenda.

78,8% töldu að starfslýsingar á sínum vinnustað væru almennt skýrar en 8,4% töldu þær óskýrar.

Spurt var um starfsöryggi í faggreinum og töldu álíka stórir hópar, eða um 40%, að öryggið væri mikið og að það væri lítið.

Mikill munur mældist á svörum fólks eftir starfsgreinum. Þeim sem starfa í bygginga- og mannvirkjagerð þótti starfsöryggið lítið, starfsfólki í prentiðnaði fannst öryggið í meðallagi en starfsfólk í hárið, málm- og véltækni og á bílgreinasviði taldi starfsöryggi sitt mun meira.

Þegar spurt var hvort fólk væri stolt af starfi sínu eða ekki kom fram að 90,8% svarenda sögðust sammála fullyrðingu um að þau væru stolt af starfi sínu. Þótt um og yfir 90% í öllum starfsgreinum sögðust stolt af starfi sínu mældist það hvergi meira en í háriðnum eða 95%.


65,7% sögðust telja að iðnnámið hefði búið þau vel undir starf í sinni iðngrein en 13% töldu að svo hefði ekki verið. Mest var ánægjan með iðnnámið í hárið en minnst í bílgreinum og í prentið. Þá kom fram minni ánægja hjá þeim sem höfðu útskrifast nýlega en hjá hinum sem höfðu útskrifast fyrir meira en 10 árum.

Þá var kannað hvort fólk mundi mæla með því við ungt fólk að hefja nám í sinni iðngrein? Svöruðu 74,5% játandi, 19,6% neitandi, en 5,8% voru óákveðin.

Mikill munur mældist á milli iðngreina, iðnaðarmenn í málm og véltækni voru líklegastir til að mæla með sinni iðn við ungt fólk og svöruðu 83,3% þeirra spurningunni játandi. Lægst var hlutfall þeirra sem vildu mæla með námi í sinni grein í prentgreinum þar sem 59,8% segjast þó gefa náminu sín meðmæli.


Sp. 9. Þegar á heildina er lítið ertu ánægð(ur) eða óánægð(ur) í núverandi starfi þínu?

	Fjöldi	%
Mjögánægð(ur)	993	51,2
Frekaránæg(ur)	691	35,6
Ímeðallagi	207	10,7
Frekaróánægð(ur)	39	2,0
Mjögóánægð(ur)	11	0,5
Gildsvör	1940	100,0




Sp. 19. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með möguleika þína á að þróast í starfi sem fagmaður?

	Fjöldi	%
Mjögánægð(ur)	325	19,5
Frekaránægð(ur)	722	43,3
Ímeðallagi	418	25,1
Frekaróánægð(ur)	161	9,6
Mjögóánægð(ur)	40	2,4
Gildsvör	1665	100,0




Sp. 25. Er mikið eða lítið starfsöryggi í þinni faggrein að þínu áliti?

	Fjöldi	%
Mjögmikið	302	15,0
Frekarmikið	513	25,5
Ímeðallagi mikið/eðalítið	391	19,4
Frekarlítið	552	27,4
Mjöglítið	255	12,7
Gildsvör	2013	100,0



Sp. 26. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu: Ég er stolt(ur) í starfi mínu?

	Fjöldi	%
Mjögsammála	1177	61,1
Frekar sammála	572	29,7
Ímeðallagi sammála/ ósammála	138	7,2
Frekar ósammála	22	1,1
Mjög ósammála	17	0,9
Gildsvör	1927	100,0



Tryggvi Frímann Arnarson er varaformaður FIT, Félags iðn- og tækni-greina. Hann sat í stjórn Félags garðyrkjumanna árið 1998 en settist svo sem varaformaður í stjórn FIT við sameininguna og stofnun FIT árið 2003. Hann lauk námi frá Garðyrkjuskóla ríkisins að Reykjum í Ölfusi árið 1998 og hefur starfað sem garðyrkjumaður hjá Reykjavíkurborg síðustu 7 árin. Tryggvi segir hér frá því þegar garðyrkjumenn ákváðu að taka þátt í FIT og hvernig það hefur gengið.

Unnið á breiðum grundvelli

STOFNUN FÉLAGS GARÐYRKJUMANNA

Hvenær var Félag garðyrkjumanna stofnað og hver voru helstu áherslumál garðyrkjumanna þá? Félag garðyrkjumanna var stofnað árið 1943, um 8 árum eftir að Garðyrkjuskólinn á Reykjum var stofnaður. Það voru kjaramálin og menntamálin sem komu mönnum saman í félag, það voru helstu baráttumálin á þeim tíma og eru það reyndar enn í dag. Stór og öflugur sjúkrasjóður er eitthvað sem við viljum ekki vera án í dag. Hann hefur bjargað



mörgum félagsmönnum á erfiðum tímum ef veikindi eða slys ber að höndum. Varðandi menntamálin þá hafa garðyrkjumenn sótt alla sína endurmenntun í Garðyrkjuskólann, eða Landbúnaðarháskóla Íslands að Reykjum eins og hann heitir í dag.

GARÐYRKJUMENN OG FIT

Félag garðyrkjumanna var eitt af stofnfélögum FIT. Af hverju sóttust þið eftir að gerast aðilar að félaginu?

Við sáum sóknarfæri í sameiningunni. Félag garðyrkjumanna var lítið félag. Við vorum um 300 manns en með því að sameinast hinum félögum í FIT árið 2003 sáum við framá meiri slagkraft og sterkari heild. Það eru öll stéttarfélög að vinna að sama marki, þar sem kjaramálin eru mikilvægust en það er ekki síður mikilvægt að hafa sterka sjúkrasjóði og fjölbreytta orlofskosti. Ég sé fyrir mér að iðngeirinn eigi eftir að fara út í frekari sameiningu. Við vorum fullvissir um að við gætum þjónustað félagsmenn okkar miklu betur heldur en að vera áfram einir og



Tryggvi Frímann Arnarson

sér í litlu félagi. Í upphafi voru það fimm félög sem sameinuðust, Biliðnafélagið/Félag blikksmiða, Málaraafélag Reykjavíkur, Sunniðn, Félag byggingaiðnaðarmanna í Hafnarfirði og Félag garðyrkjumanna. Svo hafa bæst við Sveinafélag málmiðnaðarmanna á Akranesi, Iðnsveinafélag Suðurnesja, Sveinafélag járníðnaðarmanna í Vestmannaeyjum, Sveinafélag pípulagningamanna, Múrarafélag Reykjavíkur og loks Félag tækniteiknara árið 2010. FIT er nú stærsta iðnaðarmannafélag á Íslandi með á fimmta þúsund félagsmenn.

GOTT SAMSTARF OG GÓÐ ÞJÓNUSTA

Hvernig hefur samstarfið gengið innan FIT? Það hefur gengið mjög vel. Það heyrðust efasemd-araddir á sínum tíma að þetta væru svo ólík félög og spurningar um hvað við ættum sameiginlegt með t.d. bifvélavirkjum og málurum. Þessar raddir hafa að mestu þagnað.. Við erum klárlega sterkari saman, bæði varðandi kjaramálin sjálf en einnig varðandi sjóðina og orlofsþjónustuna. Það heyrir til undan-tekninga ef það eru ágreiningsatriði á stjórnar-fundum, auðvitað eru skiptar skoðanir í sumum málum eins og gengur og gerist í félagasamtökum en samstarfið hefur verið alveg einstaklega gott.

Er FIT að bjóða uppá mörg orlofshús? Félag garðyrkjumanna átti á sínum tíma íbúð á Akureyri. Það var eini orlofskostur félagsins, en stundum fengum við að nýta það sem ekki gekk út hjá öðrum félögum innan Samiðnar en það gat nú

verið tilfallandi. Við sameininguna 2003 jukust orlofskostir allra félaganna, orlofshúsin urðu sam-eiginleg, og við eigum nú orlofshús um allt land. FIT er að reka yfir 30 orlofshús, íbúð á Flórída og aðra á Spáni og niðurgreiða tjaldvagna fyrir félagsmenn. Auk þess er samið um ótal afslætti í verslunum og hjá fyrirtækjum í ferðamannaiðnaði þetta hefði aldrei verið hægt í litlu félagi. Garðyrkjumenn og aðrir í félaginu njóta þess nú að geta valið úr þessum kostum.

ATVINNUMÁLIN

Hvernig eru atvinnumöguleikar í greininni nú um stundir?

Yfir sumartímann eru flestir garðyrkjumenn með vinnu enda er það besti tíminn til ræktunar. Ástandið í þjóðfélaginu eftir 2008 hafði auðvitað áhrif á störf garðyrkjumanna eins og aðra iðnaðarmenn, en þetta hefur verið að koma til. Það var ef til vill ekki eins mikið fall í greininni eins og





Stjórn FIT

í húsbyggingageiranum. Fólk fór að huga meira að sínu nærumhverfi og þá kom inn meira af smáverkefnum fyrir garðyrkjumenn þó að stóru verkefnin yrðu færri. Horfur virðast vera ágætari nú fyrir sumarið og menn eru að sjá verkefni aðeins lengra fram í tímann. Opinberi geirinn heldur sínu, ekki er verið að fjölga garðyrkjunönnum en ekki fækka heldur, Trén halda áfram að vaxa og grasið sprettur og sem betur fer gera flestir sér grein fyrir að það þarf að hirða um þetta. Auðvitað er horft í sparnað í þessum málum sem öðrum. Hellulagnir og nýframkvæmdir drógust saman en það er hreyfing upp á við núna. Botninum hefur verið náð og þá er aðeins ein leið og hún er upp á við. Við erum á þeirri leið. Sóknarfærin sem maður sér fyrir garðyrkjumenn liggja einnig í ylræktinni, sem er ræktun grænmetis og ávaxta í gróðurhúsum, en þá þarf rafmagns-



Verðlaunaafhending á Íslandmeistaramóti

verðið að lækka. Ég sé þetta verða stærri þátt hjá okkur. Samningaviðræður hafa verið í gangi um að skilgreina garðyrkjubændur sem stórnotendur á rafmagn en ekki er komin niðurstaða í það mál. Það er ekki eðlilegt að meðal garðyrkjustöð í dreifbýli sem er að nota meira rafmagn en þúsund manns í þéttbýli, þurfi að borga hærra verð sem sagt er vera vegna dreifingarkostnaðar. Samtök garðyrkjubænda hafa verið í þessum viðræðum. Ef þetta myndi lagast og aukning yrði í framleiðslu á grænmeti og ávöxtum yrði það gríðarlega atvinnuskapandi fyrir greinina og þar af leiðandi fleiri störf fyrir garðyrkjumenn. Ávaxtaræktun, epli, plómur og kirsuber, við getum alveg ræktað þetta hér, eins og gert er í Skandinavíu. Einnig getum við minnkað eiturefnanotkun og notað lífrænar varnir og áburð. Fólk í vorhreingerningum fjarlægir mikið af laufi og allt þetta lífræna sem liggur í beðunum og fer svo og kaupir tilbúinn áburð í pokum og sálðrar um alla lóð. Þessu getum við breytt og garðyrkjumenn eru að feta sig meira inn á þá braut. Það verða klárlega gerðar meiri kröfur á næstu árum um flokkun úrgangs. Sveitarfélögin munu fara út í meiri moltugerð og lífræna vinnslu. Í þessu felast tækifæri.

BARÁTTUMÁLIN

Hver eru helstu baráttumálin í dag?

Þau eru sem fyrr að verja störf og auka kaupmátt,



Stundum er fleira klippt en tré og runnar

Það er númer eitt, tvö og þrjú. Það eru endurskoðunarákvæði í kjarasamningnum nú árið 2012 og aftur árið 2013. Við höfum ekki verið sáttir við allt, atvinnurekendur hafa staðið við sitt en eins og fram hefur komið í fjölmiðlum þá hefur ríkið ekki lokið við að gera alla þá hluti sem það ætlaði. Verðbólgu markmið hafa ekki náðst, loforð um fjölgun starfa með frekari framkvæmdum hafa verið svikin. Félagið fylgist vel með þessum málum og metur stöðuna á hverjum tíma og veitir aðhald hvað þessi mál varðar.

FRAMTÍÐARHORFUR

Hvernig sérðu framtíð félagsins fyrir þér?

Ég sé fyrir mér að það verði frekari sameiningar í stéttarfélögum. Stéttarfélög eru öll að vinna að sömu málum og rekstrarkostnaður eykst hlutfallslega eftir því sem félögin eru minni. Það sem skiptir máli er að við séum með stærri félög og meiri slagkraft í okkar baráttumálum. Hvort að félagið muni heita FIT eða annað er aukaatriði. Múrarar, píparar og tækniteiknara sáú sér hag í því að ganga í stærra félag til að geta aukið þjónustu við félagsmenn. Þeir fá meiri aðstoð og þjónustu í sínum kjaramálum en einnig sterkari sjóði og fleiri orlofskosti. FIT rekur öfluga skrifstofu sem aðstoðar félagsmenn, svarar fyrirspurnum og hjálpar þeim að greiða úr sínum málum og standa á rétti sínum. Netið og heimasíðan á eftir að þróast enn frekar. Þjónustan hefur aukist

gríðarlega á síðustu misserum. Verið er að afgreiða mörg mál í gegnum heimasíðuna varðandi sumarhúsin og upplýsingar um alla sjóði, og við erum að gera hana eins gagnvirkra og við getum. Ég sé öflugt og sterkt félag í framtíðinni. Allir sem sjá sér hag í að ganga þessa vegferð með okkur eru velkomnir. Við erum fjölbreytt félag sem vinnum að hagsmunamálum iðn- og tæknigreina. FIT hefur stækkað mjög hratt frá stofnun og hefur í raun vakið undrun hve vel okkur hefur gengið og í raun vonum framar. Við styðjum hvert annað í þeim verkefnum sem þarf að leysa og snúum bókum saman. Við vinnum á breiðum grundvelli og framtíðin er björt.





Kennarar ásamt hluta nemenda í múraiðn

Tækniskólinn var stofnaður árið 2008 þegar Iðnskólinn í Reykjavík og Fjöltækniskólinn sameinuðust. Skólinn er stærsti framhaldsskóli landsins og í miklum tengslum við atvinnulífið. FIT heimsótti skólann á dögunum og hitti fyrir nemendur sem eru að læra múraraiðn í Byggingatækniskólanum.

Nám í múraraiðn

Múraraiðn er löggilt iðngrein. Nemendur í múraraiðn byrja á grunnnámi í bygginga- og mannvirkjagreinun, sem veitir almenna og faglega undirstöðumenntun undir frekara sérnám, t.a.m. í húsasmíði, húsgagnasmíði, málaraíðn, pípulögnum og múraraiðn. Meðalnámstími á múrsmíðabraut er fjögur ár að meðtöldu grunnnámi og starfsþjálfun. Náminu lýkur með sveinsprófi er veitir rétt til starfa í iðninni og til inngöngu í nám til iðnmeistaraprófs.

Ingi Gunnar Þórðarson og Rafn Gunnarsson eru

kennarar í múraraiðn. Ingi segir að það séu 15 nemendur í heildina í múraraiðn í skólanum eins og er. Það sé heldur færra en verið hefur, en það hafa verið um 12-15 útskriftir á ári. Hins vegar tengist ásóknin í námið eðlilega efnahagsástandinu. Nemendurnir koma víðs vegar að af landinu og nær eingöngu karlmenn en það er þó ekki undantekningalaust. Ingi segir að ástandið í byggingariðnaði mætti vera betra. Það sé ekki byrjað að lifna við eftir hrun svo neinu nemi.

FIT náði tali af nokkrum nemendum í greininni.



GRÉTAR SÖLVASON

Af hverju valdirðu að nema múraraíðn?

Það má segja þetta sé ein ef þessum tilviljunum sem maður lendir í í lífinu. Ég lærði fyrst bifvélavirkjun. Síðan fór ég að vinna við steypuvinnu fyrir um 10 árum síðan hjá G.Sölva ehf. og það leiddi mig í þetta nám.

Hvað hugsarðu þér með framhaldið?

Ég er að vinna núna og er sem sagt í skólanum með vinnu, og ætla að halda því áfram eftir útskrift og hef ekki tekið neinar ákvarðanir um annað eins og er.

Er þetta skemmtilegt nám?

Já, þetta er skemmtilegt. Það er svo sem ekkert sem kemur manni mikið á óvart þar sem maður er búinn að vinna mikið í þessu áður og þekkir ágætlega til.



KRISTJÁN RAFNSSON

Af hverju valdirðu að nema múraraíðn?

Það er nú saga á bakvið það. Ég hafði lært trésmíði og bjó fyrir austan, en lenti í því að fá hjartastopp þannig að ég þurfti að flytja í bæinn og fara í endurhæfingu árið 1995. Bróðir minn er múrarmeistari og þegar ég hafði heilsu til byrjaði ég að vinna hjá honum sem handlangari og var við störf nokkra tíma á dag. Svo jókst vinnan við þetta. Ég fór að vinna hjá ÍAV og líkaði það vel. Eftir að ég missti svo vinnuna um áramótin ákvað ég að skella mér í námið. Ég hafði reyndar byrjað að skoða þann möguleika fyrir um 3 árum síðan, en nú var tækifæri að láta verða af því.

Hvað hugsarðu þér með framhaldið?

Eftir að ég klára námið þá ætla ég út á vinnumarkaðinn og hef ekki áform um frekara nám að svo stöddu.

Hvernig eru atvinnuhorfur í greininni?

Ég held reyndar að þær séu ekkert sérstaklega góðar í augnablikinu, það er alltof lítið um verkefnin, en þetta fer vonandi að skána.

Er þetta skemmtilegt nám?

Já, þetta er áhugavert. Ég hef unnið mikið í múrverki en hef lítið komið nálægt flísalagningum áður, en þetta eru mjög ólíkar aðferðir sem múrara sinna. En nú er maður að læra flísalögnina og steiningu og það er mjög hagnýtt og skemmtilegt.



JÓHANNES HELGASON

Af hverju valdirðu að nema múraraíðn?

Þetta er það sem ég hef unnið við lengi og ákvað loks að fara í skólann og læra þetta formlega. Ég hef unnið í byggingavinnu og steypuvinnu frá 16 ára aldri, hjá Loftorku í Borgarnesi og svo hjá múrara fyrir austan og loks í ýmsum verkefnum hjá meistaranum mínum. Það lá vel fyrir mér að fara í námið.

Hvað hugsarðu þér með framhaldið?


Ég mun halda áfram í minni vinnu en ég sé fyrir mér að ég muni svo fara í meistarnámið í framtíðinni, ég held að það sé rétt að gera það.

Hvernig eru atvinnuhorfur í greininni?

Þær eru svo sem ekki allt of góðar núna eins og ástandið er, en það er alltaf eitthvað að gera, og það mun aukast eftir því sem líður frá niðursveiflunni.

Er þetta skemmtilegt nám?

Ég myndi segja það, ef maður hefur áhugann. Fyrir mig var námið eins og ég hafði búist við. Ég bý rétt hjá Borgarnesi og fer fjórum sinnum til Reykjavíkur í viku í skólann þannig að áhuginn er svo sannarlega til staðar.





Nemar í blikksmíði ásamt kennara

Í blikkinu

Borgarholtsskóli er nútímalegur framhaldsskóli í Grafarvoginum með um 1500 nemendur og fjölbreytt námsframboð þar sem boðið er upp á bóknám, nám í list og fjölmiðlun og iðnnám. FIT heimsótti skólann á dögnum og hitti fyrir nemendur sem eru að læra blikksmíði.

Málmiðngreinarnar eru fjórar, blikksmíði, renni-smíði, stálsmíði og vélvirkjun. Allir nemar í málmiðngreinum taka sameiginlegan fyrri hluta sem eru fjórar annir í skóla. Nemar sérhæfa sig síðan hver í sinni grein á tveimur öðrum til viðbótar og skulu ljúka 15 mánaða starfsþjálfun.

Guðmundur Karl Jónatansson er einn af kennurum í málmiðn. Hann segir að nú séu 13 nemendur sem stunda nám í blikksmíðinni, sem sé meira en oft áður. Nemendurnir búa flestir á höfuðborgarsvæðinu en einnig eru nemendur sem stunda nám frá Borgarfirði og Selfossi. Aðallega séu það karlmenn sem læri blikksmíði en nú sé ein kona við nám. Ljóst er að átakið „Bættu um betur“ á vegum fræðslusetursins Iðunnar hefur skilað góðum árangri, en þar er metin reynsla og raunfærni einstaklingins úr ýmsu námi og einstaklingurinn þannig aðstoðaður við að brautskrást úr skóla. Guðmundur segir að það starfi



Guðmundur Karl Jónatansson

þó nokkur hópur í greininni sem ekki hafi lært iðnina og það vanti alltaf lærða á vinnumarkaðinn. Nýverið hafi áherslubreyting átt sér stað í náminu þar sem lögð er meiri áhersla á verklega þátt námsins.

FIT náði tali af nokkrum nemendum í greinininni.



SVERRIR JÓHANN JÓHANSSON

Af hverju valdirðu blikksmíðina?

Ég er búinn að vinna töluvert við blikkið, og ákvað að slá til því mér leist vel á þá áfanga sem verið er að kenna núna, m.a. um loftræstikerfin og plötu-smíðina.

Hafðir þú einhverja reynslu af blikksmíðinni áður en þú fórst í nám?

Já, ég hef verið að vinna við þetta í heil 7 ár, og var lengi að störfum hjá Íslofti.

Hvernig eru atvinnuhorfur í greininni?

Ég held að þær séu fínar. Eflaust er misjafnt við hvern er talað, en ég held að þær séu ekkert verri en annars staðar á vinnumarkaðnum.

Er þetta skemmtilegt nám?

Já þetta er mjög fínt. Ég kvarta ekki, það er margt fræðandi og sniðugt í þessu námi og það er einnig mjög gefandi. Það er búið vel að okkur í skólanum og kennararnir eru góðir.

Hvað hugsarðu þér með framhaldið?

Ég hef ekkert ákveðið með það, ég ætla að klára þetta nám og sjá til hvernig gengur og þá gæti vel farið svo að maður fari í meistaranám.



KARLOTTA EINARSDÓTTIR

Af hverju valdirðu blikksmíðina?

Það má segja að þetta sé einfaldlega í fjölskyldunni. Ég er 4. ættliðurinn sem fer í blikksmíðina, og er búin að umgangast þetta í mörg ár og þekki vel til. Það verður gaman að fá sveinsprófið.

Hafðir þú einhverja reynslu af blikksmíðinni áður en þú fórst í nám?

Já, ég vann hjá Stjörnuþekki í 8 ár og hef því verið í þessu í langan tíma áður en ég fór í námið. Áhuginn kviknaði þar og ég ákvað að klára þetta því ég var

búin að vinna svo lengi við þetta.

Hvernig eru atvinnuhorfur í greininni?


Ég hef svo sem lítið verið að fylgjast með því nákvæmlega heldur einbeiti mér að náminu. En ég veit að það vantar mikið af faglærðum blikksmíðum, því það eru ekki margir sem hafa útskrifast undanfarið. Ég er með mikla reynslu þannig að ég hef ekki áhyggjur.

Er þetta skemmtilegt nám?

Já, mjög fínt. Aðbúnaðurinn er ágætur en auðvitað má hann alltaf vera betri. Tækin sem við vinnum með eru í góðu lagi. Við lærum samt gamlar aðferðir og það mætti kenna okkur meira á að vinna í tölvum. Ég er eina stelpa sem er nú í náminu, og sú þriðja sem mun útskrifast frá Borgó í þessu námi. Kennararnir eru fínir. Það er góður andi hjá okkur.

Hvað hugsarðu þér með framhaldið?

Ég vil halda því opnu, kannski fer ég í meistaranám, en það er nógur tími til að sjá hvað setur. Það er mikil eftirspurn eftir faglærðum blikksmíðum þannig að starfsmöguleikar eru góðir.



HREIÐAR HÁKONARSON

Af hverju valdirðu blikksmíðina?

Blikksmíðin er svo fjölbæf, maður fer í gegnum svo margt varðandi málmsmíðina. Það er einnig gaman að vera ekki að gera alltaf það sama. Námið nýtist líka í öðru, eins og trésmíði. Varðandi hráefni sem við vinnum með þá er það ekki bara járn og stál heldur einnig kopar, sink, ál og messing. Það er í raun verið að smíða úr mörgum efnum og allskonar hluti. Sköpunargleðin fær útrás og maður sér hluti verða til eftir sig.

Hafðir þú einhverja reynslu af blikksmíðinni áður en þú fórst í nám?

Ég hafði unnið sem handlangari á verkstæði á Akureyri í um ár, en mig óraði aldrei fyrir að ég færi að vinna með járn. Mér finnast málmgreinar vera örlítið faldar. Maður áttar sig kannski ekki á að maður geti gert þetta sjálfur. En ég var að vinna við þetta áður en ég fór í námið og var að sniglast í kringum mennina, þá kviknaði áhuginn.

Hverning eru atvinnuhorfur í greininni?

Mér sýnast atvinnuhorfur almennt vera ágætar. Ég fór í námið árið 2007 í uppsveiflunni. Ég er með vinnu með skólanum núna og það virðist vera ágætis framboð á vinnu.

Er þetta skemmtilegt nám?

Námið er ekki alltaf skemmtilegt, en námsáætlunin nær yfir mikið svið, bæði í bóknámi og verknámi. Þegar maður er búinn með grunninn og kominn í meiri sérhæfingu þá er þetta mjög skemmtilegt. Það er mjög góður aðbúnaður í náminu og vanir menn fengnir af verkstæðunum til að kenna okkur réttu handtökin. Þeir hafa ekki endilega kennaramenntun, en það eru bestu kennararnir. Svo er ágætur tækjakostur og það kyndir undir sérhæfinguna.

Hvað hugsarðu þér með framhaldið?

Það er virkilega gaman að vinna í blikkinu og það kveikir margar hugmyndir. Maður þarf að hugsa og setja sig oft í spor hönnuða og arkitekta. Áhuginn kviknaði í kringum það, og það væri gaman að fara í frekara nám í hönnun eða verkfræði.







Þorsteinn Benjamínsson við pallsmíði í Skógarási



Formaður og gjaldkeri FIT í húsinu við Djáknaveg



Framkvæmdir í orlofshúsinu að Vog






Orlofshús FIT í Svignaskarði hefur verið endurnýjað mikið

Viðhald orlofshúsa

Undanfarnar vikur hefur verið unnið mikið starf í viðhaldi orlofshúsa hjá félaginu. Í Skógarási í Úthlíð var unnið við endurnýjun á pallinum kringum húsið. Ekki viðraði vel til útivistu en með hörkunni hafðist það og hefur það verið opnað fyrir útleigu. Mikil endurnýjun hefur átt sér stað á húsinu Vog í Mýrum. Þar hefur stærstur hluti loftaplatna, eldhús, anddyri, og það verið endurnýjað. Skipt var um allar niðurfallsplögnir, allt gólfefni og hiti settur í gólf. Húsið var einangrað og múrað utan og sett upp varmadæla til hitunar.

Eftir breytingarnar verður húsið einnig aðgengi-legt fyrir hjólastóla því sagað var úr hurðapum og settar stærri hurðir. Stefnt er að því að ljúka þessu verki í apríllok. Í vor er einnig fyrirhugað að fara í miklar endurbætur á húsinu í Furulundi 11 á Akureyri og verður lokað þar fyrir útleigu fram í júní.

Þessu til viðbótar má nefna að stefnt er að því að byggja 4 nýja bústaði í Öndverðarnesi og er nú unnið að undirbúningi á alútboði fyrir það verk. Miðað er við að fyrsti bústaðurinn verði tilbúinn í ársbyrjun 2013 og einn á ári eftir það.







Helgi Pálsson og Hilmar formaður ásamt vasklegum keppendum í pípulögnum

Íslandsmót iðngreina

Íslandsmót iðn- og verkgreina fór fram í Háskólanum í Reykjavík föstudaginn 9. mars og laugardaginn 10 mars. Það var Katrín Jakobsdóttir menningar- og menntamálaráðherra sem setti mótið á föstudeginum.

Keppnin í ár var sú stærsta til þessa, fjölbreytt og skemmtileg en um 170 manns öttu kappi í 24 iðn- og verkgreinum. Bakaraiðn, bifvélavirkjun, bílamálun, bifreiðarsmíði, dúkalagningu/veggfóðrun, framreiðslu, skúðgarðyrkjun, grafískri miðlun, hársnyrtiiðn, kjötiðn, matreiðslu, málun, múrverki, pípulögnum, rafeindavirkjun, rafvirkjun, sjúkraliðastörfu, snyrtifræði, suðu og húsasmíði.

Hægt var að fá að prófa handtökin hjá eftirtöldum greinum: hársnyrtiiðn, múraraíðn, rafeindavirkjun, rafvirkjun.



Eftirfarandi greinar voru sýningargreinar á Íslandsmótinu: blómaskreytingar, garðyrkjuframleiðsla, gullsmíði, múrverk og skósmíði.

Þátttakendur á Íslandsmótum eru nemendur í iðn- og verkgreinaskólum landsins og þeir sem nýlega hafa lokið námi. Aldurstakmark þátttakenda miðast við þá sem verða 21 á árinu en gerðar eru undanþágur í nokkrum greinum.

Íslandsmót iðn og verkgreina veita ungu fólki tækifæri til sýna fram á færni sína og kunnáttu í iðn- og verkgreinunum. Tekist er á við krefjandi og raunveruleg verkefni í samkeppni sem reynir á hæfni, skipulagshæfileika og fagmennsku. Dómarar fara yfir verkefnin að lokinni keppni, meta gæðin og velja þá sem skara fram úr í hverri grein. Skólarnir hafa þegar valið sitt besta fólk í keppnina.

Keppninni er fyrst og fremst ætlað að vekja athygli á iðn- og verkgreinum og þeim tækifærum sem felast í námi og störfum í iðngreinum – ekki síst ungu fólki á grunnskólaaldri. Grunnskólanemendum í 9. og 10. bekkjum landsins var því boðið sérstaklega og munu um 1650 nemendur og kennarar grunnskólanna hafa þekkt boðið.

Keppnin tókst hið besta og voru sigurvegarar verðlaunaðir í lok keppinnar.



Hluti af Atvinnumessunni voru pallborðsumræður, en skipt var um viðmælendur á hálf tíma fresti

Atvinnumessa

Vinnumálastofnun gekkst fyrir svokallaðri „Atvinnumessu“ í Laugardalshöll fimmtudaginn 8. mars. Tilgangur „Atvinnumessu“ er að upplýsa og fræða atvinnuleitendur en einnig voru kynnt um þúsund ný tækifæri í störfum og starfsþjálfun á höfuðborgarsvæðinu. Ráðgjafar- og ráðningarþjónustur buðu upp á skráningar og leiðbeindu atvinnuleitendum um

hentug störf, umsóknarferli og atvinnuviðtöl. Ýmis stéttarfélög, þar á meðal FIT, voru með kynningar á starfsemi sinni og veittu upplýsingar. Þetta er annað árið í röð sem Vinnumálastofnun gengst fyrir svona átaki, en í ár var þetta hluti af áttakinu „Vinnandi vegur“ en markmið þess er að skapa 1.500 ný störf fyrir atvinnuleitendur fyrir lok maí.



Námskeið fyrir félagsmenn FIT

NÁMSKEIÐ Í GRISJUN

FIT stendur fyrir námskeiði í grisjun í skóglendi, laugardaginn 14. apríl n.k. kl. 10.00 - 16.00. Kennt verður hvernig á að umgangast keðjusög, öryggisatriði og brýning. Í framhaldinu verður farið á svæði FIT í Heiðmörk, sagað og klippt og farið yfir helstu atriði sem hafa verður í huga við grisjun. Kennarar verða helstu sérfræðingar landsins í faginu. Skráningargjald er kr. 1.000.- Takmarkaður þátttakendafjöldi. Boðið er uppá snarl í hádeginu. Skráning fer fram hjá Þjónustuskrifstofu iðnfélaga í síma 535 6000 til 12. apríl og gefa þarf upp kortanúmer til greiðslu á skráningargjaldi. Mæting er við aðstöðu skógræktarinnar við Elliðavatnsbæinn í Heiðmörk.

FERSKAR VIÐARNYTJAR OG TÁLGUTÆKNI

Námskeiðið er um 10 klst. Það hefst föstudaginn 4. maí kl. 18-22 og er framhaldið kl. 10-17 á laugardegnum 5. maí. Vegna góðrar reynslu á síðasta ári hefur FIT ákveðið að bjóða félagsmönnum og fjölskyldum þeirra að taka þátt í þessu skemmtilega verkefni. Farið verður í gegnum grunnþætti tálgutækninnar,

að tálga með hníf og exi og vinna í ferskan við og lesa í form hans og eiginleika. Búin verða til búsáhöld, hnifar og skeiðar, bolla/krúsir og settur saman einn stóll eða bekkur þar sem gömul tækni er notuð og sett saman þurrt og blautt efni. Þátttakendur læra þurrkaðferðir og yfirborðsmeðhöndlun gripanna. Lögð er áhersla á góða umgengni við bitáhöld, hnífa, exi, klippur, sagir o.fl. áhöld. Einnig eru kenndar brýningaraðferðir og skefting gamalla áhalda/verkfæra. Gott er að þátttakendur séu í vinnufatnaði og klæði sig eftir veðri í skógarferð sem er hluti af námskeiðinu, að læra að sækja sér efni í garða og skóg. Námskeiðið verður tengt reit félagsins í Heiðmörk. Vonandi verður hægt að baka brauð yfir eldi og fá sér ketilkaffi/súkkulaði í lok námskeiðsins. Námskeiðið verður haldið í aðstöðu skógræktarinnar við Elliðavatnsbæinn í Heiðmörk. Skráningargjald er kr. 1.000 á fjölskyldu. Boðið er uppá snarl í hádeginu. Skráning fer fram hjá Þjónustuskrifstofu iðnfélaga í síma 535 6000 fyrir miðvikudaginn 2. maí og gefa þarf upp fjölda þáttakanda og kortanúmer til greiðslu á skráningargjaldi.

Gamla ljósmyndin



Garðyrkjufólk við störf í Laugardalnum



MIKILVÆG ÁKVÖRÐUN

EKKI MISSA AF KJARABÓT

Séignarsparnaður tryggir þér mótframlag frá vinnuveitanda þínum. Vegna mótframlagsins og hagstæðrar skattlagningar stenst enginn sparnaður samanburð við séignarsparnað.

Taktu ákvörðun um að leggja fyrir í séignarsparnað annars missir þú í rauninni af umsömdum kjarabótum.

Kynntu þér þjónustu Sameinaða lífeyrissjóðsins á lifeyrir.is eða hringdu í síma 510 5000.



Borgartúni 30 • 105 Reykjavík • S. 510 5000 • lifeyrir.is